


# LANGHOLT 2 í Flóahreppi


## Deiliskipulag býlis



Deiliskipulagsuppráttur mkv. 1:2.000.



Yfirlitsuppráttur mkv. 1:4.000.



Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015 með síðari br. Mkv. 1:30.000.

### GREINARGERÐ

#### INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til ca. 1 ha landspildu (landnr. 166249) úr landi Langholts 2 í Flóahreppi. Deiliskipulagið tekur til þriggja fristundahúsa, sem áformað er að nýta í ferðapjónustu. Aðkoma að Langholti 2 er af Suðurlandsvegi, um Langholtsveg og núverandi aðkomuvegi að jörðinni. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015. Þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

#### Kortagrunnar

Skipulagsuppráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunnöggn eru IS50v frá Landmælingum Íslands.

#### Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000.
- Yfirlitsuppráttur í mælikvarða 1:4.000.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:30.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015.

#### Fornminjar

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

#### LÝSING DEILISKIPULAGS

##### Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að jörðinni er um Langholtsveg (nr. 318) og núverandi aðkomuveg. Aðkoma að Langholti 2 er frá Oddgeirshólavegi austan við Langholt 3. Vegir og bílastæði eru sýnd á deiliskipulagsupprætti.

##### Byggingar

Gert er ráð fyrir nýjum byggingum á byggingarreitum B1. Hús verða á 1-2 hæðum og húsaerðir taka mið af þeim húsum sem fyrir eru á jörðinni. Ný hús eru sýnd til skýringar á deiliskipulagsupprætti og er staðsetning þeirra ekki bindandi.

Á byggingarreit B1 er heimilt að hafa þrjú fristundahús allt að 85 m<sup>2</sup>. Fyrir er eitt hús, 34 m<sup>2</sup> að stærð sem heimilt er að stækka.

##### Veitur

Hús verða tengd núverandi veitukerfum; rafveitu frá RARIK og vatnsveitu Flóahrepps. Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki eftir því sem hægt er. Frágangur verður í samræmi við kröfur heilbrigðisyrivalda og reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

#### ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

##### Hönnun og upprætti

Húsaerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöd, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 5 m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Mænisstefna er frjáls.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann \_\_\_\_\_

f.h. Flóahrepps



STEINSHOLT

## LANGHOLT 2

### Deiliskipulag býlis

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8722 D1156 Mkv: 1:2.000 / 1:4.000 Blaðstærð: A3	Dags: 18.09.2015 Breytt: 8.12.2015
Hannað: GG, MMJ Teiknað: MMJ	Samþykkt:	